

**203. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 15.12 2010 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir: SBB,SvB,FH,JS,EK,IGG,BK<sub>r</sub>,VLF

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Sþ.

**2. Inntaka nýrra félaga**

Formlega staðfest inntaka slökkviliðsmanna í Fjallabyggð(Ólafsfirði).

Anton Konráðsson	kt. 050660-3119
Eggert Friðriksson	kt. 170464-3629
Gísli Gylfason	kt. 040480-3669
Gunnar Ásgrímsson	kt. 160460-7769
Gunnlaugur Jón Magnússon	kt. 300552-4399
Halldór Guðmundsson	kt. 160961-3689
Heiðar Gunnólfsson	kt. 250379-4209
Ingólfur Frímannsson	kt. 211276-4529
Jóhann J. Jóhannsson	kt. 241160-4679
Jón Klemensson	kt. 070446-3839
Magnús Þorgeirsson	kt. 170272-5019
Rúnar Gunnarsson	kt. 241178-4719
Sigurjón Magnússon	kt. 110359-4039
Sigursteinn Magnússon	kt. 020263-4829
Sölvi Lárusson	kt. 150870-4299
Þormóður Sigurðsson	kt. 150859-2929
Pröstur Ólafsson	kt. 160258-2929

**3. Kjaramál**

Lítið er að gerast í kjarasamningaviðræðum. Samtök atvinnulífsins boðuðu forsvarsmenn launþegahreyfingarinnar, ríki og sveitarfélög á fund 25. nóvember. SA vildi samstöðu í samningagerð (nýja þjóðarsátt) en fram kom á fundinum að launþegahreyfingin taldi síðustu þjóðarsáttartilraun ekki gefa góð fyrirheit um samvinnu. Til stóð að halda framhaldsfund 9. des en ekkert varð af því.

Stjórn SHS felldi niður 15.000kr álagsgreiðslur (per mán) frá 1.12.10. Mikil óánægja er með það hjá starfsmönnum sem töldu að greiðslan ætti að gilda áfram. Fulltrúar hjá SHS fóru á fund stjórnar SHS með LN og fóru yfir stöðuna og lýstu m.a. yfir óánægju með vinnubrögð stjórnar SHS og LN.

Áfram er unnið samkvæmt bókun með kjarasamningnum, í nefnd um flýtt starfslok.

Samninganefndir LSS og SNR hafa haldið einn fund.

LN hefur fundað 6 sinnum með Samflotinu. Isavia hefur ekki svarað beiðni um fund. Þar er enn vinna í gangi varðandi einkennisfatnað slökkviliðsmanna.

**4. Fundarferð í Fjallabyggð**

Formaður og framkvæmdastjóri fóru þann 29. nóvember norður og funduðu með bæjarstjóra, skrifstofustjóra og sklökkvistjóra Fjallabyggðar. Rætt var m.a. um inngöngu Ólafsfirðinga í LSS og um aukningu á starfshlutfalli slökkviliðsstjóra úr 70% í 100%. Um kvöldið var fundað með slökkvilismönnum á Ólafsfirði. Rætt var um kjaramál, tryggingamál ofl. Þeir hafa fyrir nokkr síðan tilkynnt starfsmannafélagi Fjallabyggðar þann vilja sinn að ganga úr því félagi og yfir í LSS. LSS hefur tilkynnt það formlega til Fjallabyggðar og Starfsmannafélags Fjallabyggðar.

## 5. Eldvarnaátakið

Fór fram á hefðbundnum tíma 19. – 26. nóvember. Formleg opnun var í samvinnu við Eldvarna-bandalagið 18. nóvember í Rvík. Síðan fór formaður fór í fyrstu skólaheimsóknina með bæjarstjóra Akureyrar í Lundaskóla þann 19. nóv. Átakið tókst vel í heild.

## 6. Orlofsmál

Fulltrúar eigenda neðri hæðarinnar að Skálatúni 33 á Akureyri höfnuðu tilboði LSS ( 10 milljónir, tilbúið undir tréverk) í þá íbúð. Fyrirtæki á Dalvík er í samningaviðræðum með að kaupa allar 12 íbúðirnar í Skálatúninu. LSS hefur viljrði fyrir forkaupsrétti á neðri hæðinni í Skálatúni 33.

Leigan á einkabústaðnum í Grímsnesi rennur út um áramót. Ásóknin hefur ekki verið næg til að áhugi sé á áframhaldandi leigu.

Umræður urðu um íbúð í Reykjavík og hvort þurfi ekki að huga að stærri íbúð.

## 7. Sjúkraflutningar

Umræður um stöðu mála og þann hægagang sem er í kerfinu. SvB er í sambandi við starfsmenn Heilbrigðisráðuneytisins og fleiri. LSS mun leitast efti fundi við nýjan ráðherra til að ræða um framtíð sjúkraflutninga.

## 8. Lög um brunamál

Frumvarpið er komið aftur til Umhverfisnefndar alþingis. LSS mun fara á fund nefndarinnar m.a. vegna umræðu um hvort lög um brunamál gildi á flugvöllum.

Stefnt er að því að frumvarpið verði að lögum um áramót og þá fer

Brunamálastofnun inn í nýja stofnun; Mannvirkjastofnun. LSS mun fylgjast með málinu á þingi og fylgja okkar áherslumálum eftir.

## 9. Siðareglur

Siðareglur LSS eru hjá siðfræðingi hjá HÍ til yfirlestrar.

## 10. Önnur mál:

- a) Næstu stjórnarfundir verða; 12. janúar, 9. febrúar, 9. mars, 6. apríl og 4. maí.
- b) Frítökuréttur. Skrifstofan er að skoða málin hjá Akureyri og á Keflavíkurflugvelli. Óskað hefur verið eftir því að uppsafnaður frítökuréttur komi fram á launaseðlum. Á Akureyri er búið að reikna nokkur ár aftur í tímann.
- c) Ráðningar. Rætt um nýráðningarmál hjá Isavia.
- d) Meirapróf. Rætt um skilyrðið við ráðningu.
- e) Tímabundnar ráðningar. Umræður um framkomu við starfsmenn.

**Fundi slitið 15:10**